



Keilir
Miðstöð vísinda,
fræða og atvinnulífs

Enska 1 (ENS3A06)

Háskólabrú

Áfangalýsing:

Í ensku 1 er lögð áhersla á að nemendur þjálfí áfram færni sína í enskri málfræði, geti skilið daglegt mál og tjáð sig munnlega og skriflega á enskri tungu. Nemendur tileinka sér grunnorðaforða vísinda og fræða (e. academic vocabulary), tjá hugsun sína skýrt í ræðu og riti og rökstyðja skoðanir sínar. Áhersla er lögð á lestur texta með það fyrir augum að byggja upp virkan og hagnýtan orðaforða. Nemendur vinna að fjölbreyttum verkefnum yfir önnina. Þar að auki vinna nemendur sjálfstætt að viðameiri verkefnum svo sem kynningum og stærri ritunarverkefnum. Nemendur sýni aukið sjálfstæði og eru virk í vinnubrögðum bæði í einstaklings- og hópavinnu. Fjölbreytt námsmat er lagt fyrir m.a sjálfsmat og jafningjamat.

Forkröfur

Gert er ráð fyrir að nemendur hafi lokið 5 feiningum á 1. þrepi og 5 einingum á 2. þrepi.

Prep

Áfanginn er á 3. þrepi

Einingafjöldi

6 framhaldsskólaeiningar (feiningar).

Lokamarkmið áfangans

Nemandi skal hafa aflað sér almennrar þekkingar og skilnings á

- þverfaglegum orðaforða til hagnýtra nota
- mismunandi afstöðu og túlkun bókmenntahöfundar og dýpri merkingu texta
- rithefðum sem við eiga í textasmíð, m.a. um inngang, meginmál með afmörkuðum efnisgreinum og niðurlag

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að

- nota uppflettirit eða orðabækur
- taka þátt í almennum samræðum, bæði jafnframt innan kennslustofunnar og utan

- lesa fjölbreyttar gerðir texta, bæði texta sem tengjast áhugasviði, fræðilega og bókmenntalega
- beita þeim lestraraðferðum sem við eiga eftir gerð texta eða viðfangsefnis
- lesa fjölbreyttar gerðir texta, bæði fræðilega og bókmenntalega
- tjá sig munnlega skýrt og hnökralaust um málefni sem hann hefur kynnt sér
- tjá sig skriflega bæði á formlegan og óformlegan hátt
- skrifa skipulegan texta og skipt í efnisgreinar

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að

- skilja daglegt mál, fjölmiðlaefni, inntak erinda, fræðigreinar og annað flóknara efni
- taka þátt í skoðanaskiptum, færa rök fyrir máli sínu og svara mótbárum og gagnrökum á viðeigandi hátt
- tjá skýrt, lipurlega og blaðalaust fyrir áheyrendum um sérvalið efni sem hann hefur kynnt sér
- skrifa formlegan og óformlegan texta og beita rithefðum sem eiga við í textasmíð

Námsmat áfangans

Byggt er á fjölbreyttu námsmati m.a. hópverkefnum, einstaklingsverkefnum, könnunum og lokaprófi sem gildir til lokaéinkunnar.